

Nr. 079 / 14 Dís**Strandar suður af Viðey**

Skipaskr.nr. 2698
Smíðaður: Þýskalandi 2004, plast
Stærð: brl. 12,07 bt.
Mesta lengd: 10,89 m Skráð lengd: 10,88 m
Breidd: 3,29 m Dýpt: 1,49 m
Vél: Volvo Penta 17 kW
Fjöldi skipverja: 4



Dís ©Skip.is

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 29. apríl 2015 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 21. ágúst 2014 var seglskútan Dís á siglingu á hafnarsvæði Reykjavíkur. Veður N 3-4 m/sek

Á siglingunni frá Geldingarnesi sunnan við Viðey strandaði skútan á grunni sem þar er í sundinu á milli lands og eyjar.

Skipstjóri tilkynnti strandið og voru tveir bátsverjar fluttir í land með björgunarbátnum Þórði Kristjánssyni. Hinir tveir bátsverjarnir biðu eftir að félli að og skútan losnaði. Var henni siglt þá til hafnar.

Við rannsókn kom fram:

- að skipstjóri sagðist hafa siglt á mjög hægri siglingu á seglum sunnan við baujuna. Hann taldi að baujan væri nær skerinu og ætlaði að fara sunnan við skerið og fór því all fjarri baujunni, Hann sagði að dýptarmælirinn hafi sýnt tæpa fimm metra og djúprista verið rúmir tveir metrar;
- að skerið í miðju sundinu kemur upp á stórstraumsfjöru. Fjöruborð í Gufunesi skagar í NA langleiðina fram í sundið og er dýpi sagt vera mest 1,7 metrar á meðalstórstraumsfjöru;
- að siglingabauja (höfuðáttabauja) er norðan við skerið og er hún svört - gul með tveimur þríhyrningamerkjum sem bæði snúa upp. Reglur kveða á um þetta, en þríhyrningamerkin ásamt litum og litaröð baujunnar vísar til þess að sigla eigi norðan við hana;
- að tilkynnt var um strandið kl. 21:08 en fjara var kl. 22:34 eða einum og hálfum tíma fyrir smástraumsfjöru. Dýpi á siglingleiðinni norðan við skerið er skráð minnst 2,2 til 2,3 metrar á meðal stórstraumsfjöru og má

Því ætla að nægjanlegt dýpi hafi verið um sunnið miðað við uppgefna djúpristu.

Nefndarálit:

Orsök strandsins er að siglt var röngu megin við höfuðáttabauju.